

REGLUGERÐ

um námsskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 100, 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um námsskeið, er veita þá fræðslu, sem þarf, til þess að standast hið minna fiskimannapróf:

I. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

1. gr.

Námsskeið til undirbúnings minna fiskimannaprófsins skal haldið annaðhvort ár á 2 stöðum utan Reykjavíkur. Þessir staðir eru: Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar.

Það árið, þegar ártalið er jöfn tala, skal halda námsskeið í Vestmannaeyjum og á Akureyri, en hitt árið, oddatöluárið, á Ísafirði og í Neskaupstað.

Heimilt er að halda samskonar námsskeið víðar, þegar sérstakar ástæður mæla með.

Námsskeiðin skulu haldin frá byrjun október og eigi skemur en til janúarloka.

Heimilt er að hafa námsskeið á öðrum árstíma, en jafnan skulu þau standa yfir að minnsta kosti 4 mánuði.

2. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík ræður siglingafræðikennara námskeiðanna. Skal heimilt að ráða hvern kennara fyrir tvö námsskeið — til fjögurra ára —. Skal skólastjórinn auglýsa starf þetta eigi síðar en í maímánuði, og skal umsókn um það vera komin honum í hendur eigi síðar en í júlilok. Hann skal og á sama hátt ráða kennara í sjómennsku.

3. gr.

Aðra kennara námsskeiðsins ræður bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar í samráði við kennarann í siglingafræði. Hún skal og útvega hæfilegt og gott húsnæði fyrir námsskeiðið.

4. gr.

Nú sækja svo margir námsskeiðið, að siglingafræðikennarinn þarf aðstoðarkennara, og úrskurðar þá skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík, hverjum skuli falin aðstoðarkennslan.

5. gr.

Ekkert námsskeið verður haldið, ef þátttakendur eru færri en 5.

6. gr.

102

23. sept.

Þessi eru inntökuskilyrði á námsskeiðin:

1. Að hafa verið háseti eftir 16 ára aldur 36 mánuði á skipi yfir 15 rúmlesta, eða verið formaður á skipi yfir 10 rúml. 12 mánuði og auk þess háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 15 rúml. 12 mánuði.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið getur öðrum nemöndum skaðvænn.
5. Að hafa óflekkað mannorð.

Vottorð um þessi atriði skal afhenda siglingafræðikennara námsskeiðsins. Allan siglingatíma á skipi yfir 15 rúml. skal sanna með sjóferðabók. Annan siglingatíma skal sanna með vottorði skráningarstjóra.

7. gr.

Kennslustundir á viku eru þessar:

Stærðfræði skrifleg og munnleg	5	stundir.
Siglingafræði munnleg og skrifleg	16	—
Íslenzka munnleg og skrifleg	4	—
Sjóréttur munnl.	2	—
Hjúkrunarfræði munnl.	2	—
Sjómennska munnl. og verkleg	7	—

Samtals á viku 36 stundir.

Ennfremur er nemöndum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjóvinnufræði tvisvar á mánuði.

Siglingafræðikennari námsskeiðsins semur stundatöflu, er farið skal eftir.

8. gr.

Námsskeiðið endar með burtfararprófi.

Prófdómendur við það skulu vera 3, siglingafræðikennari námsskeiðsins og 2 siglingafróðir menn aðrir, er atvinnumálaráðuneytið skipar samkvæmt tilögum skólastjóra stýrimannaskólans. Skal annar þeirra vera formaður prófnefndar. Báðir þessir menn skulu, þegar því verður við komið, vera dómendur við öll fiskimannapróf utan Reykjavíkur, en ráðuneytið getur þó skipað aðra prófdómendur við einstök próf, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn ber til. Prófdómendur skulu tiltaka öll prófverkefni.

9. gr.

Prófið er skriflegt, verklegt og munnlegt.

Við skriflega prófið mega ekki aðrir vera viðstaddir en prófsveinar og hinir 2 skipuðu prófdómendur.

Við verklega prófið mega eigi aðrir vera viðstaddir en prófdómendur, kennari og prófsveinninn, sem prófaður er.

- 102 Munnlegt próf skal halda í heyranda hljóði; þó má vikja frá þessu í sér-
23. sept. stökum prófgreinum.

10. gr.

Við skriflegt próf fá allir prófsveinar sömu verkefni. Eigi má rita fleiri en eitt verkefni á sama blað, en vera má verkefnið í fleiri liðum en einum.

Tekið skal fram, hve margar einkunnir séu gefnar og hve langur tími veitist til úrlausnar. Lengri úrlausnartíma má enginn fá.

11. gr.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sér eða hjálpi öðrum, skal honum þegar vikið frá prófi, og skal svo álitid, að hann hafi eigi staðizt prófið.

12. gr.

Nú gengur prófsveinn frá prófi og kennir sjúkleik um, en sannar siðar með læknisvottorði, að hann hafi verið veikur, og má þá prófa hann í því, sem hann var óprófaður í, jafnskjótt og því verður við komið, í sama prófi.

13. gr.

Sannist það, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur formaður prófnefndar vikið honum frá prófinu.

14. gr.

Prófsveinar skulu prófaðir eftir stafrófsröð. Ef tveir eða fleiri hafa sömu nöfn og feðraheiti, skal aldur ráða, og skal sá eldri prófaður fyr.

Við munnlegt og verklegt próf dregur hver prófsveinn sínar spurningar. Þær skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar, og má aðeins eitt verkefni vera á hverjum seðli.

15. gr.

Áður en próf byrjar, skal prófnefndin semja próftöflu, er skal undirrituð af prófnefndinni og fest upp á prófstaðnum, áður en prófið byrjar. Skulu prófdómendur og prófsveinar mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

16. gr.

Fyrir svör við hverri spurningu um sig skulu prófdómendur gefa einhverja af tölum þeim, sem hér segir: 8, 7½, 7⅓, 7, 6½, 6⅓, 6, 5½, 5⅓, 5, 4½, 4⅓, 4, 3½, 3⅓, 3, 2½, 2⅓, 2, 1½, 1⅓, 1, 0.

II. KAFLI

Prófkjöfur.

102

23. sept.

17. gr.

Til hins minna fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (munnleg):

Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna og um einföldustu atriði flatarmálsfræðinnar. Þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að nota þá.

Tugakerfið, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum. Að finna óþekkta tölu í hlutfallslíkingu. Þekking á beinum og hjúgum línunum, hringum og línunum þeirra, flatarmáli hrings, þríhyrnings og ferhyrnings.

Siglingafræði (munnleg og skrifleg):

1. *Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd, kompáslinum og kompásstrikum.*

Skyn á miðjarðarbaug, jarðarás, jarðskautum, lengdarbaugum, breiddarbaugum, lengd, breidd, breiddarmun, lengdarmun, afviki, kompáslinum og kompásstrikum.

2. *Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verði fundin með jarðlægum athugunum; skyn á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.*

Grein á segulmagni, segulnál, hinum ýmsu hlutum kompássins og mismunandi kompástegundum, misvísun og misvísunarlínunum, halla og hallalínunum, segulskekkju og helztu orsökum hennar, hvernig hún verði fundin af stefnum og miðunum á sjókortum, á segulskekkjutöflum og stýristöflum og notkun þeirra. Þekking á skriðmæli og vegmæli og hlutum þeirra, á grunnlóði og djúplóði og notkun allra þessara áhalda.

3. *Skyn á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.*

Grein á aðalreglum um gerð sjókorta eftir Mercatorsaðferð, mælikvörðum þeirra og línunum, hvað standa eigi á sjókortum og hvernig þau eru notuð.

4. *Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og á að finna stað skipsins á kortinu.*

Þekking á tilgangi skipsdagbókar, hvað og hversu í hana skuli ritað; að finna stefnu og hraða straumsins með athugunum jarðlægra hluta; að geta fundið þann stað, er halda á til, þegar sá staður, sem siglt er frá, er kunnur, og stefnur þær og vegalengdir, er farnar hafa verið; að marka stað skipsins á kortið með miðum, miðunum og hornmælingum; að finna þá stefnu á kortinu, sem halda á, og leiðrétta þá stefnu fyrir straum og öðrum áhrifum á hana, svo að fundin verði sú stefna, sem stýra á eftir

102

23. sept.

áttavitanum, að finna þá vegalengd, er halda skal, og hve langt um liði, þangað til komizt verði til ákveðins staðar.

5. *Að kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.*

Til þess skal nota sjávarfallatöflur og flóðmun eða flóðbið.

6. *Að kunna að nota sextant, til þess að geta fundið stað skips með jarðlægum athugunum.*

Grein á helztu hlutum sextantsins, skiptingu mælibogans og brotmælisins, á stöðu speglanna og hvernig hún er athuguð og lagfærð, á markréttingu og hvernig hún finnst, á mælingu horna milli jarðlægra punkta.

Sjómennska (munnleg og verkleg):

Bekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.

Bekking á reglum þeim, sem fylgja ber til að forðast ásiglingu, og á ljósum þeim, sem skipum ber að hafa undir ýmsum kringumstæðum, svo og að kunna að nota almenn bjargtæki við björgun úr sjávarháska.

Skyn á hirðingu og meðferð á skipum, reiða, seglum, siglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur; enn fremur meðferð og hirðing veiðarfæra.

Skyn á, hve þýðingarmikil er góð hirðing og meðferð á skipum og öllu, sem þar að lýtur, og hvernig hún er framkvæmd; samsetning kaðla og víra, vafning kaðla og víra, skyn á ýmiskonar talíum og hve margfaldan kraft þær gefa, á ýmiskonar nauðsynlegum hnútum, vafningum og brögðum; notkun rekakera, oliu og öryggislína, neyðarstýris, á bráðabirgðaviðgerð á leka úti á sjó, á umbúnaði lestaropa á legufærum og hvernig leggja beri skipi fyrir 2 akkerum og vetrarlægi (mooring), notkun bjargbelta og bjarghringa, útsetning og inntaka báta, á björgun manns, er dettur útbyrðis; á helztu grundvallaratriðum í seglasaum og að geta annazt smáviðgerðir á seglum.

Skyn á, hvernig fara eigi yfirleitt með ýmiskonar veiðarfæri, bæði í notkun og þegar þau eru ekki í notkun, og hvaða þýðingu litun, börkun eða tjörgun hefir á endingu þeirra.

Nemöndum er og skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 50 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku líta. Þeir skulu geta farið sæmilega með íslenzkt mál í ræðu og riti, sérstaklega í þeim efnum, er til stöðu þeirra heyra.

Sjóréttur (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipverja.

Bekking á helztu íslenzkum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðunum til að vera skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri, og á réttindum og skyldum þeirra á skipinu; á valdi og ábyrgð skipstjóra á eigin gerðum og

gerðum skipverja, réttindum og skyldum þeirra á skipinu og á ráðningu skipverja. **102**
23. sept.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Að geta veitt algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og við algengustu kvillum. Að kynnast sóttvarnareglum, sem skipinu er skylt að hlýða.

Nauðsynleg þekking á að nota þau lyf og tæki, sem lyfjakista skipsins hefir.

III. KAFLI

Einkunnir og skilyrði fyrir að standast prófið. Fyrirmynd prófvottorðs o. fl.

18. gr.

Við minna fiskimannaprófið skulu gefnar 13 einkunnir, sem sé:

Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn	1
– siglingafræði: 4 einkunnir fyrir 2 skrifl. og 2 munnl. úrlausnir	4
– sjómennsku: 3 einkunnir fyrir 2 munnlegar úrlausnir — önnur þeirra í siglingareglum — og 1 einkunn fyrir verklega úrlausn	3
– íslenzku: 2 einkunnir fyrir 1 skrifl. og 1 munnl. úrlausn	2
– sjórétti: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn	1
– hjúkrunarfræði: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn	1
– ritleikni: 1 einkunn	1

19. gr.

Til þess að standast prófið útheimtist:

Í siglingareglum ekki lægra en einkunnin 5.

Í íslenzku og siglingafræði ekki lægra en meðaleinkunnin 4.

Meðaleinkunn minnst 4.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 104 stig, en til þess að standast prófið, þarf 52 stig.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin	7—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin	6—7
2. — — —	5—6
3. — — —	4—5

20. gr.

Hver prófsveinn, er próf hefir staðizt, fær prófskírteini, er sýnir séreinkunnir hans og aðaleinkunn. Skal það gefið út eftir þessari fyrirmynd:

N. N. (fullt nafn)

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og ár)

hefir staðizt

hið minna íslenzka fiskimannapróf,

en til þess útheimtist:

102 (Hér skal talið það, sem útheimtist samkv. 5. gr. í lögum nr. 100, 23. júní
23. sept. 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.)

og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	„ stig
– skriflegri siglingafræði	„ —
– munnlegri siglingafræði	„ —
– siglingareglum	„ —
– sjómennsku	„ —
– íslenzku	„ —
– sjórétti	„ —
– hjúkrunarfræði	„ —
– ritleikni	„ —
Aðaleinkunn „ stig	

(Hæsta aðaleinkunn er 104 stig, en til þess að standast prófið, þarf 52 stig.)
Dagsetning og undirskrift prófnefndar.

21. gr.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í bók, sem ráðuneytið lög-
gildir, og geymist sú bók hjá bæjarfógeta kaupstaðarins, þar sem prófið er haldið.
Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers þeirra, sem prófaðir voru, fæðingar-
stað, fæðingardegi og fæðingarári, og frá einkunnum þeim og aðaleinkunn, er
gefin var hverjum við prófið. Inn í prófbókina skal færa öll skrifleg verkefni
og yfir höfuð ýtarlega skýrslu um prófið. Skal formaður prófnefndar sjá um,
að bókin sé rétt færð.

Bók þessi skal undirrituð af öllum, sem einkunnir gáfu í prófinu.
Prófvottorðin skulu undirrituð af prófnefndinni.

22. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur skulu færa inn í sérstaka bók, sem ráðuneytið
löggildir til þess, eftirrit af öllum prófum, sem þeir halda utan Reykjavíkur.
Bók þessa skulu þeir hafa með sér, þegar þeir eru í prófferðum. Þess á milli
skal hún geymd af skólastjóra stýrimannaskólans.

23. gr.

Öll nauðsynleg áhöld til notkunar við kennslu í siglingafræði greiðir ríkis-
sjóður, svo og allan kostnað við námsskeiðin, þar með talið nauðsynlegt efni
til notkunar við kennslu í verklegri sjómennsku.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1936 og birtist til eftirbreytni öllum
þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð um sama efni, 24. nóvember 1922, er
úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.